# 1959 nr. 18 22. apríl
# [Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga][1]

[1] *L. 94/1999, 3. gr.*

**Tóku gildi 31. júlí 1959.** *Breytt með:* L. 32/1969 (tóku gildi 10. júní 1969). L. 52/1976 (tóku gildi 11. júní 1976). L. 78/1978 (tóku gildi 1. júní 1978). L. 115/1984 (tóku gildi 31. des. 1984). L. 24/1989 (tóku gildi 23. maí 1989). L. 94/1999 (tóku gildi 27. des. 1999). L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005). L. 146/2007 (tóku gildi 29. des. 2007). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 167/2011 (tóku gildi 30. des. 2011). L. 126/2015 (tóku gildi 31. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Heimilt skal [Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga][1] að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr [80.000].[2] Draga skal í 12 flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.][3]

b. Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður [ráðherra][4] að fengnum tillögum frá stjórn [Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga].[1]

c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem [ráðherra][5] skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.][6]

[1] *L. 94/1999, 1. gr.* [2] *L. 167/2011, 1. gr.* [3] *L. 115/1984, 1. gr.* [4] *L. 126/2011, 29. gr.* [5] *L. 162/2010, 93. gr.* [6] *L. 52/1976, 1. gr.*

**■ 2. gr.**

□ Vinningar í vöruhappdrætti fyrir [Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga][1] skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, . . . [2] á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

[1] *L. 94/1999, 1. gr.* [2] *L. 129/2004, 34. gr.*

**■ 3. gr.**

□ [[Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.][1] Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.][2]

[1] *L. 126/2015, 2. gr.* [2] *L. 94/1999, 2. gr.*

**■ 4. gr.**

□ Ráðherra setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn [Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga].[2]

[1] *Rg. 923/2001, sbr. 915/2003, 998/2006, 1002/2010, 1046/2012, 1081/2013, 1066/2015, 1010/2018 og 1241/2022.* [2] *L. 94/1999, 1. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA